

Dæmi um skýringarmynd í teikningahefti með reglum um vinnustaðamerkingar.

## Ný útgáfa reglna um vinnustaðamerkingar

Í júlí sl. kom út 7. útgáfa bæklinga um reglur um vinnustaðamerkingar. Jafnframt kom út 6. útgáfa teikningaheftis sem fylgir reglum. Þessar útgáfur eru aðgengilegar á [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is) undir „Upplýsingar og útgáfa“ á pdf formi. Þeir sem nota þessi gögn eru hvattir til að sækja þessar nýju útgáfur.

### Formáli bæklinga

Tilgangurinn með þessum bæklingi er að koma á skýrum reglum um merkingar fyrir almenna umferð í dreifbýli og þéttbýli vegna framkvæmda. Það er markmið þeirra sem unnið hafa að gerð þessara reglna að þær verði notaðar á öllu landinu, þannig að merkingar vegna framkvæmda séu samræmdar, bæði gagnvart verktökum og vegfarendum. Bæklingurinn er ætlaður þeim verkkaupum, hönnuðum, verktökum og eftirlits-

mönnum sem á einn eða annan hátt koma að undirbúningi og framkvæmd veg- og gatnagerðarmannvirkja svo og öðrum þeim stofnunum og fyrirtækjum sem vinna að framkvæmdum á eða við vegsvæði.

Ákvæði þau sem um er fjallað í þessu riti eiga við allar framkvæmdir, bæði stórar og smáar, við vegi og umferðarmannvirki í eigu eða umsjá Vegagerðarinnar og/eða sveitarfélaga sem ætluð eru til almennra nota.

Tilgangur með merkingunum er fjórþættur:

- Að vernda starfsmenn og vegfarendur
- Að auka og tryggja umferðaröryggi almennt
- Að lágmarka umferðartafir
- Að hámarka framkvæmdahraða

### Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 18. tbl. 19. árg. nr. 574 5. sept. 2011

Ritstjórn og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Árlega veitir Vegagerðin styrki til rannsóknaverkefna. Styrkirnir eru fjármagnaðir af svonefndu tilraunafé, sem er nú 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni nokkurra af þeim skýrslum sem komið hafa út, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar ([www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

### Myndbandsupptökur af vegakerfinu – Stöðvasetning og kortaframsetning, apríl 2011

Í tengslum við svo kalla EuroRap verkefni hafa verið tekin upp myndbönd af vegakerfinu. Verkefnið miðaði að því að finna hentugt verkferli við að setja inn stöðvasetningu á myndbandsupptökurnar og þannig auka notagildi þeirra við að skoða aðstæður á vegakerfinu. Þetta tókst og hægt er að merkja myndböndin með stöðvasetningum með innan við 20 m skekkju. Í verkefninu var einnig gerð tilraun til að vinna með upptökuvél Vegagerðarinnar og reyndist það einnig vel mögulegt.



Myndbandsupptökuvél sem var notuð til að taka upp myndir af vegum.

### Áhrif gufu frá virkjunum við Suðurlandsveg á umferðaröryggi – lokaskýrsla apríl 2011

Viðraðar hafa verið kenningar um að jarðgufa frá virkjunum á Helligheiði hafi valdið hálfu á Suðurlandsvegnum, eink-



um í Hveradalabrekku. Í áfangaskýrslu um verkefnið (febrúar 2010) er greint frá athugunum á veðurskilyrðum sem eru líkleg til að beina gufu frá uppsprettum yfir veginn. Þær mælingar sem gerðar voru bentu ekki til að gufa frá virkjuninni sé áhrifavaldur á myndun ísingar á Suðurlandsvegi þar sem hann liggur næstur orkuverinu. Athugun á veðuraðstæðum þegar hálfuöpp hafa orðið benda ekki til að hálfkan hafi verið af völdum gufu frá virkjuninni. Í síðari áfanga var veðurstöð komið tímabundið fyrir við Hveradalabrekku. Þessar viðbótarmælingar breyttu ekki fyrri niðurstöðum verkefnisins.


### Ökufær? – Leiðbeiningar til öikumanna um áhrif heilsu á akstur og umferðaröryggi,

maí 2011.

Um er að ræða kynningarit, en gerð þess var m.a. styrkt af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Ritinu er ætlað að auka þekkingu fólks á áhættuþáttum umferðarslysa sem tengjast skertri heilsu og veita hagnýtar ráðleggingar sem hjálpa til að auka umferðaröryggi. Farið er yfir ýmsar aðstæður og settar fram tillögur til öikumanns til að auka öryggi hans og annarra í umferðinni.

### Viðloðunareiginleikar repjúblandaðs bindiefnis apríl 2011

Reyndar voru tvær aðferðir við að meta viðloðun bindiefnis og steinefnis. Annars vegar skolpróf og hins vegar úthljóðspróf (ultrasonic testing). Þetta er frumathugun á þessum aðferðum og ekki dregnar ályktanir um notagildi þeirra. Þó kemur fram að þær gera báðar greinarmun á viðloðunareiginleikum eftir því hvort bindiefnið inniheldur viðloðunarefni eða ekki. Skolprófið er þó mjög tímafrekt og dýrt og kemur tæplega til greina í þeirri mynd sem það var gert í þessari rannsókn. Úthljóðsprófið er hins vegar fremur fljótlegt og tækjabúnaður ódýr. Óljóst er hvort haldið verður áfram að skoða þessar aðferðir.



Fyrirkomulag búnaðar í skolprófi.



## Leiðbeiningar um vinnslu steinefna – Áfangaskýrsla 2010,

apríl 2011

Árið 2010 fór að mestu í heimildarvinnu og skrif. Nokkur verktakafyrirtæki innanlands voru heimsótt. Skoðað var hvaða aðferðum er hægt að breyta til að hægt væri að laga kornadreifingu á steinefnum sem verið er að vinna í efnisvinnslu og var eingöngu horft til steinefnavinnslu úr klöpp. Greint er frá tilraunum með að taka mismikið undan á 12 mm forhörfu og sýnt að með því að taka minna undan má laga kornakúrfu efnis sem unnið er úr klöpp. Þá er greint frá tilraunum með íblöndun efna til að laga kornakúrfur. Verkefnið mun halda áfram og gert ráð fyrir lokaskýrslu í mars 2012.



## Auglýsingar útboða

### Vaðlaheiðargöng, stálbitar fyrir bráðabirgðabréu

11-054

Vegagerðin, f.h. Vaðlaheiðarganga hf., óskar eftir tilboðum í smíði stálbita í bráðabirgðabréu yfir Hringveg (1) við fyrirhugaðan munna Vaðlaheiðarganga.

Helstu magntölur eru:

Stálbitar: 8 stk. HEA900, L = 15,8 m, alls um 32,7 tonn.  
Annað stál: Plötur og vinklar í þverbita og legufestingar, alls um 4,1 tonn.

Stálið skal afhenda verkkaupa á verkstað, eftir nánara samkomulagi, fullsmíðað, sandblásnið og grunnað með verksmiðjugrunni eigi síðar en 15. desember 2011. Annað stál í þverbita og legufestingar skal vera heitgalvanhúðað.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. september 2011. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 27. september 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

*Tvöföldun Suðurlandsvegur (Hringvegur 1) við Sandskeið. Lenging brúar. Vegamót við Bláfjallaveg. Mynd: Mats Wibe Lund.*



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.  
Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
11-055 Vaðlaheiðargöng eftirlit	2011
11-049 Djúpvegur (61), um Seljalandsós og Seljalandsá í Álftafirði	2011
11-047 Vestfjarðavegur (60), Eiði - Pverá	2011
11-048 Strandavegur (643), Djúpvegur - Geirmundastaðavegur í Steingrímsfirði	2011
11-017 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Straumsvík	2011
11-005 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2011	2011

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
11-054 Vaðlaheiðargöng stálbitar fyrir bráðabirgðabru	05.09.11	27.09.11
11-042 Vaðlaheiðargöng bráðabirgðabru fyrir vinnuumferð	29.08.11	13.09.11

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
11-050 Strandavegur (643), brú á Staðará í Steingrímsfirði	08.08.11	30.08.11
11-043 Fáskrúðsfjarðargöng, endurbætur á rafkerfi	18.07.11	30.08.11
11-012 Hringvegur (1), Norðausturvegur - Hróteyjarkvísl, styrking og endurbætur	18.07.11	09.08.11

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
11-040 Hafnarfjarðavegur (40), gatnamót í Engidal, endurbætur	08.08.11	23.08.11
11-039 Hringvegur (1), göngubrú við Krikahverfi í Mosfellsbæ	25.07.11	16.08.11
11-019 Vetrarþjónusta 2011-2014, Brjánslækur - Bíldudalur	25.07.11	09.08.11
11-020 Vetrarþjónusta 2011-2014, Pingeyri - Flateyri - Suðureyri	18.07.11	03.08.11
10-057 Hringvegur (1) brú á Ystu - Rjúkandi	04.10.10	26.10.10

Samningum lokið	Opnað:	Samið
Ekki hefur verið lokið við neina samninga frá því síðasta tölublað kom út.		

Forval í vinnslu	Auglýst:	Opnað:
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	03.05.11

## Niðurstöður útboða

### Strandavegur (643) – Brú á Staðará í Steingrímsfirði

11-050  
Tilboð opnuð 30. ágúst 2011. Bygging brúar á Staðará í Steingrímsfirði. Brúin er steipt, 40 m löng, eftirspennt bitabru í tveimur höfum. 9,0 m að breidd.

Helstu magntölur eru:

Grjótvörn	290 m <sup>3</sup>
Gröftur opin gryfja	1.200 m <sup>3</sup>
Fylling við steipt mannvirki	1.200 m <sup>3</sup>
Mótafletir	1.180 m <sup>2</sup>
Slakbent járnalögn	34,7 t
Eftirspennt járnalögn	3,8 t
Steypa	455 m <sup>3</sup>

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. júní 2012.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Spennt ehf., Reykjavík	91.229.865	107,0	5.318
3	Hannes Jónsson ehf., Reykjavík	87.748.950	102,9	1.837
2	Geirnaglinn ehf., Ísafirði	87.150.119	102,2	1.239
1	Eykt ehf., Reykjavík	85.911.572	100,8	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	85.248.960	100,0	-663

### Fáskrúðsfjarðargöng, endurbætur á rafkerfi

11-043  
Tilboð opnuð 30. ágúst 2011. Endurbætur á rafkerfi Fáskrúðsfjarðarganga. Um er að ræða breytingar á grunnkerfi ganganna og eru helstu verkþættir ídráttur ljósleiðara eftir endilöngum göngum og uppsetning á fjar-skiptaskápm, loftnetum og búnaði þeim tengdum.

Helstu magntölur:

Aflstrengir	1.200 m
Ljósleiðari – single mode, 8 leiðari	6.400 m
Ljósleiðari – single mode, 24 leiðari	6.200 m
Fjarskiptaskápar	6 stk.
Varaafli og skápar	5 stk.

Verkið má hefja að loknum samningum og skal því að fullu lokið 15. mars 2012.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
6	Raflagnir Austurlands ehf., Reyðarfirði	59.337.413	148,5	28.926
5	Rafey ehf., Egilsstöðum	40.985.137	102,6	10.573
---	Áætlaður verktakakostnaður	39.948.141	100,0	9.536
4	Rafmenn ehf., Akureyri	39.495.840	98,9	9.084
3	Tengill ehf., Sauðárkróki	36.741.086	92,0	6.329
2	Rafmiðlun hf., Kópavogi	35.869.302	89,8	5.458
1	Rafal ehf., Hafnarfirði	30.411.798	76,1	0